GENOMFRYSA

IS

Design and Quality
IKEA of Sweden

ÍSLENSKA 5

Innihald

Öryggisupplýsingar	**5**
Lýsing raftækisins	**8**
Fyrsta notkun	**8**
Dagleg notkun	**9**
Hvað á að gera ef ...	**11**
Tæknilegar upplýsingar	**12**
Umhverfisvandamál	**12**
IKEA ÁBYRGÐ	**13**

Öryggisupplýsingar

Áður en tækið er notað skal lesa upplýsingar um öryggi. Geymið þær til að geta leitað í þær síðar meir.
Í þessum leiðbeiningum og á tækinu sjálfu eru mikilvægar öryggisaðvaranir sem notandi þarf að lesa og fara eftir í hvívetna. Framleiðandi afsalar sér allri ábyrgð vegna vanrækslu á því að fara eftir þessum öryggisleiðbeiningum, óviðeigandi notkunar tækisins eða rangra stillinga á stjórnbúnaði.

ÖRYGGISVIÐVARANIR

⚠ Halda skal mjög ungum börnum (0-3 ára) fjarri tækinu. Ungum börnum (3-8 ára) ætti að halda frá tækinu nema stöðugt sé fylgst með þeim. Börn sem eru 8 ára eða eldri og einstaklingar með minnkaða líkamlega, skynjunarlega eða andlega getu eða skort á reynslu og þekkingu mega aðeins nota þetta tæki undir eftirliti eða eftir að hafa fengið leiðbeiningar um örugga notkun og skilja hætturnar sem því fylgja. Börn mega ekki leika sér að tækinu. Börn meiga ekki framkvæma hreinsun og notendaviðhald án eftirlits.

Börn á aldrinum 3 til 8 ára mega setja í og taka úr tækinu.

LEYFILEG NOTKUN

⚠ **VARÚÐ:** Tækið er ekki ætlað til notkunar með utanaðkomandi gangsetningarbúnaði, svo sem tímastilli eða aðskildu fjarstýringarkerfi.

⚠ Þetta tæki er ætlað til notkunar á heimilum og á svipuðum stöðum, svo sem: í eldhúsi starfsfólks í verslunum, á skrifstofum og öðrum vinnustöðum; á sveitabæjum; af hálfu viðskiptavina á hótelum, vegahótelum, gistiheimilum og öðrum dvalarstöðum.

⚠ Þetta tæki er ekki ætlað til notkunar í iðnaði. Notið tækið ekki utandyra.

⚠ Ljósaperan sem notuð er í tækinu er sérstaklega hönnuð fyrir heimilistæki og hentar ekki sem herbergislýsing innan heimilisins (reglugerð EB nr. 244/2009).

⚠ ækið er hannað til notkunar á stöðum þar sem umhverfishitastig er innan neðangreindra marka samkvæmt loftslagsflokki sem gefinn er upp á merkiplötunni. Vera má að tækið virki ekki rétt ef það er skilið eftir í langan tíma við hita sem fer umfram tilgreind mörk.

Loftslagsflokkar umhverfishitastigs (°C)

SN: Frá 10 til 32
N: Frá 16 til 32
ST: Frá 16 til 38
T: Frá 16 til 43

Þetta tæki inniheldur ekki klórflúorkolefni. Kælirásin inniheldur R600a (vetniskolefni). Tæki með ísóbútan (R600a): ísóbútan er náttúrleg gastegund sem hefur ekki áhrif á umhverfið en er eldfim. Þess vegna skal tryggja að rör kælirásarinnar séu ekki skemmd, sérstaklega þegar kælirásin er tæmd.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Skemmið ekki rör kælirásar tækisins.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Haldið loftræstiraufum utan á tækinu eða í innbyggðum hlutum þess lausum við hindranir.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Notið ekki vélar, raftæki eða íðefni önnur en þau sem ráðlögð eru af framleiðanda til að flýta fyrir affrystingu.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Notið ekki eða setjið raftæki inn í hólf tækisins ef framleiðandi hefur ekki skýrlega tekið þau fram.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Klakavélar og/eða vatnsskammtara sem eru ekki tengdir við vatnsveitu þarf að fylla með drykkjarhæfu vatni eingöngu.

⚠ **VIÐVÖRUN!:** Sjálfvirkar klakavélar og/eða vatnsskammtara skal tengja við vatnsveitu með drykkjarhæfu vatni og þrýstingurinn á að vera á milli 0,17 og 0,81 MPa (1,7 og 8,1 bör).

⚠ Geymið ekki sprengifim efni s.s. úðabrúsa og setjið ekki eða notið eldsneyti eða önnur eldfim efni í eða nærri tækinu.

⚠ Gleypið ekki innihald (óeitrað) klakapakkanna (fylgir með sumum gerðum). Borðið ekki klaka eða ískinna strax eftir að hafa tekið þá úr frystinum þar sem þeir geta valdið frostbiti.

⚠ Fyrir tæki sem eru hönnuð með loftsíu innan í hlíf aðgengilegrar viftu skal sían ávallt vera á sínum stað þegar ísskápurinn er í gangi.

⚠ Geymið ekki gleríllát með vökvum í frystihólfinu þar sem þau gætu sprungið. Hyljið ekki viftuna (ef til staðar) með matvælum. Athugið að hurð frystisins lokist rétt eftir að maturinn hefur verið settur inn.

⚠ Skipta skal um skemmd þétti eins fljótt og auðið er.

⚠ Notið frystinn eingöngu til að geyma frosinn mat, frysta fersk matvæli og búa til klaka.

⚠ Forðist að láta óinnpakkaðan mat komast í snertingu við innri fleti frystisins.

⚠ C-Pentane er notað sem þensluefni í einangrunarfreyði og er eldfim gastegund.

Hólfin sem henta best fyrir geymslu á ákveðnum fæðutegundum, með tilliti til mismunandi hitastigs í mismunandi hólfum, eru eftirfarandi:

Fjögurra stjörnu (****) hólf hentar til að frysta matvæli frá umhverfishitastigi og til að geyma frystan mat þar sem hitastigið er jafnt yfir allt hólfið. Frosin matvæli sem keypt eru í verslunum hafa síðasta söludag prentaðan á umbúðirnar. Þessi dagsetning miðast við tegund geymdra matvæla og því verður að fara eftir henni. Geymslutími ferskfrystra matvæla skal vera eftirfarandi: 1-3 mánuðir fyrir ost, skelfisk, rjómaís, skinku/pylsu, mjólk og ferska vökva; 4 mánuðir fyrir steikur eða kjötstykki (naut, lamb, svín); 6 mánuðir fyrir smjör, smjörlíki og fuglakjöt (kjúkling, kalkún); 8-12 mánuðir fyrir ávexti (utan súraldina), steikt kjöt (naut, svín, lamb) og grænmeti. Fara verður eftir síðasta söludag á umbúðum matvæla sem geymd eru í tveggja stjörnu hólfinu.

Til að koma í veg fyrir að matvæli mengist skal athuga eftirfarandi:

– Að hafa hurðina opna í langan tíma getur valdið verulegri hækkun hitastigs í hólfum tækisins.
– Hreinsið reglulega yfirborð sem gætu komist í snertingu við matvæli og aðgengilegan frárennslisbúnað.
– Hreinsið vatnsgeyma ef þeir hafa ekki verið notaðir í 48 klst.; skolið vatnsbúnaðinn sem tengdur er við vatnsveitu ef vatn hefur ekki verið tekið úr í 5 daga.
– Geymið hrátt kjöt og fisk í viðeigandi ílátum í tækinu þannig að komist ekki í snertingu við annan mat né leki á hann.
– Frystið ekki fersk matvæli í hólfum með einni, tveimur eða þrem stjörnum.
– Ef ísskápurinn er hafður tómur í langan tíma, slökkvið þá, afþíðið, hreinsið, þurrkið og skiljið hurðina eftir opna til að koma í veg fyrir að mygla myndist innan í tækinu.

UPPSETNING

⚠ A.m.k. tveir aðilar eiga að meðhöndla tækið og setja það upp vegna hættu á meiðslum. Notið hlífðarhanska við að taka úr pakkningum og setja upp - hætta á því að skerast.

⚠ Aðeins hæfur tæknimaður má sjá um uppsetningu tækisins, þ.m.t. vatnsinntak (ef til staðar), raftengingar og viðgerðir. Gerið ekki við eða skiptið út neinum hluta tækisins nema það sé sérstaklega tekið fram í notendahandbókinni. Haldið börnum frá uppsetningarstaðnum. Þegar umbúðir hafa verið teknar utan af tækinu skal ganga úr skugga um að það hafi ekki skemmst við flutningana. Ef vandamál koma upp skal hafa samband við næsta þjónustuaðila. Eftir uppsetningu skal geyma pökkunarúrgang (plast, frauðplast o.s.frv.) fjarri börnum - hætta á köfnun. Áður en uppsetning á sér stað verður að tryggja að helluborðið sé ekki tengt við rafveitu vegna hættu á raflosti. Á meðan uppsetning á sér stað skal tryggja að helluborðið skemmi ekki rafsnúrur vegna eldhættu eða hættu á raflosti. Ekki gangsetja tækið fyrr en uppsetningu er lokið.

⚠ Gætið þess að skemma ekki gólf (t.d. parketgólf) þegar tækið er fært til. Setjið tækið á gólf sem er nógu sterkt til að þola þyngd þess og á stað sem hentar notkun og stærð tækisins. Tryggið að tækið sé ekki nærri hitagjafa og að fæturnir fjórir séu stöðugir og hvíli á gólfinu. Stillið þá eftir þörfum og tryggið að tækið sé fullkomlega afrétt með hallamæli. Bíðið í a.m.k. tvær klukkustundir áður en kveikt er á tækinu til að tryggja að kælirásin virki sem skyldi.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Gangið úr skugga um að rafmagnssnúran klemmist ekki eða skemmist þegar verið er að staðsetja tækið.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Til að forðast hættu vegna óstöðugleika skal koma tækinu fyrir eða

festa það samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans. Bannað er að koma ísskápnum fyrir þannig að málmspípa gashelluborðs, málmleiðslur gass eða vatns eða rafsnúrur komist í snertingu við bakhluta ísskápsins (vafning eimsvala).

⚠ Til að tryggja nægilega loftun skal fjarlægðin á milli bakhliðar tækisins og veggsins fyrir aftan það vera 50 mm, til að forðast nálægð við heit yfirborð. Sé bilið minnkað eykur það orkunotkun tækisins. Áður en tækið er tengt við rafmagn skal við uppsetningu fjarlægja rafmagnssnúruna frá krók eimsvala.

VIÐVARANIR VEGNA RAFMAGNS

⚠ Nauðsynlegt er að hægt sé að aftengja tækið frá rafmagni með því að taka það úr sambandi ef innstungan er aðgengileg eða með fjölskautarofa sem settur er upp fyrir framan innstunguna í samræmi við tengingarreglur. Jarðtengja skal tækið í samræmi við landsbundna staðla um raföryggi.

⚠ Notið ekki framlengingartengi, fjöltengi eða millistykki. Rafrænir íhlutir mega ekki vera aðgengilegri fyrir notanda eftir uppsetningu. Notaðu helluborðið ekki blaut(ur) eða berfætt(ur). Notið helluborðið ekki ef rafmagnssnúra þess eða kló er skemmd, ef helluborðið virkar ekki sem skyldi, hefur skemmst eða verið misst í gólfið.

⚠ Ef rafmagnssnúran er skemmd verður að skipta henni út með eins snúru frá framleiðandanum, umboðsaðila hans eða álíka hæfum aðilum til að forðast áhættu - hætta á raflosti.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Staðsetjið ekki margar framlengingarsnúrur eða færanlega aflgjafa fyrir aftan tækið.

⚠ Fætur vörunnar: í Fs ekki tiltækir; í innbyggðu - fæturnir eru ekki stillanlegir og METOD klefann skal rétta af með hallamæli.

Lýsing raftækisins

Lesið notkunarleiðbeiningarnar vandlega áður en tækið er notað.



1 Stjórnborð

2 Frystiskúffur (frysting)

3 Frystiskúffa

4 Merkiplata

Frystihólf

(merkt með tákninu ✱ ✱✱✱ fyrir geymslu ferskra matvæla, frystra matvæla og til að búa til ísmola)

Eiginleikar, tækniupplýsingar og myndir geta verið breytileg eftir gerðum.

Aukahlutir

Frystikubbur



1x

Klakabakki



1x

Ísskafa



1x

Stjórnbúnaður



Mikilvægt:
Til að stilla kaldara hitastig skal snúa hitastillinum réttsælis (til hægri).
Til að slökkva á frystinum skal snúa hitastillingum rangsælis (til vinstri).

A RAUTT LED-ljós: gefur til kynna að hitastig frystisins sé of hátt (sjá „hvað á að gera ef“)

B GRÆNT LED-ljós: gefur til kynna að kveikt sé á tækinu

C Snertirofi hurðar

Ca Snertirofi hurðar til að endurstilla hljóðmerki

D Hitastillir.

Hitastillir stilltur á ●: slökkt á frysti
Hitastillir stilltur á **1: minnsti kuldi** innra hitastig
Hitastillinr stilltur á **2/3: í meðallagi** innra hitastig
Hitastillinr stilltur á **4: kaldast** innra hitastig.

Ráðlögð meðal hitastilling er 2/3.

Fyrsta notkun

Setjið tækið í samband við rafmagn. Ákjósanlegt hitastig fyrir varðveislu matvæla hefur þegar verið stillt í verksmiðjunni (2-3/ MED).

Til að koma í veg fyrir matarsóun skal sjá ráðlagðar stillingar og geymslutíma sem finna má í notendahandbókinni.

Athugið: Þegar kveikt hefur verið á tækinu er nauðsynlegt að bíða í 2 til 3 klukkustundir áður en það hitastig næst sem hentar fyrir venjulegt geymslumagn.

Dagleg notkun

Notkun frystisins
Hægt er að nota frystinn til að geyma matvæli sem eru þegar frosin og til að frysta fersk matvæli. Magn ferskra matvæla (í kg.) sem hægt er að frysta á einum sólarhring er gefið upp á upplýsingum tækisins. Fyrstirinn getur virkað við umhverfishita á milli +10°C og +32°C. Bestu afköst verða þegar hiti er á milli +16°C og +32°C.

Að kveikja á frystinum í fyrsta sinn
- Engin þörf er á að stilla hitastig frystisins á hitamælinum þar sem tækið hefur þegar verið verksmiðjustillt.
- Setjið tækið í samband. Græna LED-ljósið (sem gefur til kynna að KVEIKT sé á tækinu) og rauða LED-ljósið kvikna og hljóðmerki heyrist eftir tegundum (ef til staðar) eftir um 1 mínútu til að gefa til kynna að frystirinn sé ekki nógu kaldur til að hægt sé að setja matvæli í hann.
- Til að stöðva hljóðmerkið skal ýta á rofa hurðarinnar.

Að stilla hitastig
Veljið hitastig frystisins með hitastillishnappinum:
1 = Lágmarks frystigeta
4 = Hámarks frystigeta
Umhverfishiti, opnunartíðni hurðarinnar og magn matvælanna sem á að frysta hafa áhrif á stillingar hitastigs frystisins.
Við mælum því með því að byrjað sé með stillinguna 2 - 3 fyrir meðalmikinn hita.

Virkni LED-ljósa
Græna LED-ljósið gefur til kynna hvort kveikt sé á tækinu.
Rauða LED-ljósið gefur til kynna að hitastigið innan í tækinu henti ekki fyrir geymslu matvæla.

Hurðaviðvörun
Ef hurðin er skilin eftir opin í meira en 1 mínútu fer viðvörunin í gang. Lokið hurðinni eða ýtið í nokkrar sekúndur á hnappinn **C**.

Frysting
Ráðlagt magn matvæla sem á að frjósa er gefið til kynna á merkiplötunni inni í tækinu. Þegar matvæli eru sett í frysti gæti rauða LED-ljósið lýst þar til besta hitastigi er náð.
Raðið ferskum matvælum í frystisvæðið og skiljið eftir nægilegt pláss fyrir hringrás lofts. Forðist beina snertingu við þegar frosin matvæli

Ábendingar um frystingu og geymslu ferskra matvæla
- Áður en matur er frystur skal pakka honum í: álpappír, plastfilmu, pólýetýleníllát með loki og önnur ílát sem henta til frystingar matvæla.
- Matvæli (fyrir utan kjöt, sjá hér fyrir neðan) þurfa að vera fersk, þroskuð og af góðum gæðum til að þau séu sem best eftir að þau hafa verið fryst.
- Ferskt grænmeti og ávexti ætti að frysta strax eftir uppskeru til að viðhalda upprunalegu næringargildi, áferð, lit og bragði.
- Hleðslutakmörk ákvarðast af körfum, lúgum, skúffum, hillum o.s.frv. Gangið úr skugga um að þessir hlutir lokist auðveldlega eftir hleðslu

Sumt kjöt, sérstaklega af fiðurfé ætti að hengja upp áður en það er fryst.
Til athugunar:
- Leyfið ávallt heitum mat að kólna áður en hann er settur í frysti.
- Notið matvæli sem eru fullþiðin eða þiðin að hluta til strax. Setjið matvælin ekki í frysti nema að þau hafi verið elduð eftir afþíðingu. Þegar búið er að elda þiðin matvæli er hægt að frysta þau á ný.

Frysting og geymsla ferskra matvæla
- Setjið matvælin sem á að frysta í efri körfurnar tvær.
- Þegar frystirinn er notaður án rekkans skal setja ískakkana fyrir ofan matinn sem á að frysta fremst í efstu skúffuna.

Að fjarlægja körfurnar
Togið skúffurnar eins langt út og hægt er, lyftið þeim lítillega og fjarlægið þær. Togið neðri körfuna út til fulls, snúið henni lítillega og fjarlægið hana.

Til athugunar: Einnig er hægt að nota frystinn án efri skúffanna til að hámarka rými. Til að frystirinn virki sem skyldi skal ekki fjarlægja neðstu skúffuna.
Tryggið að hurðin lokist vel eftir að matvæli eru sett á rekkana.

Að gera klaka
Fyllið klakabakkann með allt að 2/3 hluta vatns og setjið hann í frystinn. Notið ekki beitt eða oddmjó áhöld til að losa bakkann.

Gagnlegar ábendingar og ráðleggingar

Ábendingar um orkusparnað

- Opnið ekki hurðina oft og skiljið hana ekki eftir opna lengur en þörf er á.
- Stillið hitastigið ekki á lægri hita en þörf er á.
- Tryggið að loftflæði sé nægilegt og að útblástur sé nægilegur neðst og á bak við tækið. Hyljið aldrei loftop.
- Setjið heitan mat aldrei inn í frystinn. Leyfið heitum mat að kólna fyrst.

Ábendingar um frystingu

Til að besta frystunarferlið má nota þessar ábendingar:

- Hámarksmagn matvæla sem hægt er að frysta á einum sólarhring er tekið fram á upplýsingaplötunni.
- Frysting tekur einn sólarhring. Bætið aldrei við matvælum sem á að frysta á þessum tíma.
- Frystið eingöngu hágæða, ferskan og fullkomlega hreinan mat.
- Undirbúið matvælin í litlum skömmtum til að þau geti frosnað fullkomlega á stuttum tíma og til að hægt sé að þíða aðeins það magn sem þörf er á.
- Pakkið matvælunum í álpappír eða pólýetýlen og tryggið að ílátin séu loftþétt.
- Látið fersk, ófrosin matvæli ekki komast í snertingu við frosin matvæli til að koma í veg fyrir að hitastig frosnu matvælanna hækki ekki.
- Auðveldara er að geyma mögur matvæli en feit matvæli; salt minnkar geymslutíma matvæla.
- Neysla klaka um leið og þeir eru teknir úr frysti gæti leitt til frostbits á húð.
- Ráðlagt er að merkja frystidag á pakkningarnar til að hægt sé að fylgjast með geymslutíma.

Ráðleggingar um geymslu frosinna matvæla

Til að besta afköst tækisins ætti að:

- Tryggja að matvæli sem voru keypt frosin séu í hentugum umbúðum í smásölunni.
- Tryggja að flutningstími frosinna matvæla úr matsöluverslun í frystinn sé eins stuttur og hægt er.
- Opnið ekki hurðina oft og skiljið hana ekki eftir opna lengur en þörf er á.
- Eftir að matur hefur verið þiðinn skemmist hann fljótt og hann er ekki hægt að frysta á ný.
- Farið ekki umfram geymslutíma sem tekinn er fram af framleiðanda matvælanna.

Hreinsun og viðhald

Að afþíða frystinn

Afþíða ætti frystinn einu eða tvisvar sinnum á ári eða þegar óhóflega mikið hrím er til staðar (3 mm þykkt).
Myndun hríms er eðlileg. Magnið og hraðinn sem hrím safnast upp fer eftir skilyrðum í herberginu og hversu oft hurðin er opnuð.
Til að afþíða eininguna skal slökkva frystinum og fjarlægja öll matvæli.
Skiljið hurð frystisins eftir opna til að hrímið þiðni.
Þrífið frystinn að innan. Hreinsið og þurrkið vandlega. Kveikið aftur á frystinum og setjið matvælin í hann.



Þéttingin sem ýtt er inn gerir kleift að hreinsa hana á auðveldan hátt með því að einfaldlega fjarlægja hana úr stað sínum, byrja í efra horninu eins og sýnt er, og setja hana síðan aftur í öfugri röð við hvernig hún var fjarlægð.

Ef tækið verður ekki í notkun

Takið tækið úr sambandi, fjarlægið allan mat úr því, afísið og hreinsið það. Látið hurðina vera opna til að loft geti flætt um tækið. Þetta kemur í veg fyrir að mygla og ólykt myndist.

Ef rafmagn fer af

Hafið hurð tækisins lokaða. Þetta heldur matvælunum köldum eins lengi og hægt er. Frystið ekki mat sem hefur þiðnað að hluta til og neytið hans innan eins sólarhrings.

Hvað á að gera ef ...

Vandamál	Hugsanlegar ástæður:	Úrlausnir:
Slökkt er á stjórnborðinu og tækið er ekki í gangi	Það gæti verið vandamál varðandi rafmagnstengingu tækisins.	Athugið hvort: • að ekki sé rafmagnslaust • tengillinn sé rétt settur í rafmagnsinnstunguna og tveggja póla rofinn, ef til staðar, sé í réttri staðsetningu (kveikt) • öryggisbúnaður rafleiðslukerfisins sem uppsettur er í húsinu virki að öllu leyti • rafmagnssnúran sé ekki rofin
Hitinn inni í ísskápnum er ekki nógu lágur.	Það gætu verið nokkrar ástæður (sjá „Úrlausnir“).	Athugið hvort: • hurðirnar séu rétt lokaðar • tækið sé ekki nálægt hitagjafa • stillt hitastig henti aðstæðum • loftflæði í gegnum loftristirnar neðst á tækinu sé ekki hindrað
Vatn er til staðar á botni frystisins.	Athugið hvort tækið sé tengt og virki á réttan hátt. Athugið að hurðirnar séu rétt lokaðar.	Þrífið og afþíðið tækið (sjá „Hreinsun og viðhald”).
Framhluti tækisins við þétti hurðarinnar er heitur.	Þetta er ekki bilun. Það er hluti af hönnuninni að koma í veg fyrir myndun rakaþéttingar.	Engin úrlausn er nauðsynleg.
Aðeins ef tækið er með stjórnborði. Ef rauð hitastigsviðvörunarljósið lýsir og hljóðmerki heyrist (eftir gerðinni)	Hitastigsviðvörun frystihólfs. Hitastigsviðvörunin gefur til kynna að hitastig frystihólfsins sé ekki eins og best verður á kosið. Þetta getur gerst við fyrstu notkun, eftir afþíðingu og þrif, þegar fryst er mikið magn matvæla eða þegar hurð frystisins er ekki rétt lokuð.	Til að afvirkja hljóðmerki skal ýta á hurðarrofann. Þegar besta hitastigi er náð slokknar sjálfkrafa á hitastigsviðvöruninni. Ef hitastigsviðvörunarljósið er áfram á skal hafa samband við viðhaldsþjónustu.



Til athugunar:
Það er eðlilegt að kælibúnaðurinn gefi frá sér gutlandi og hvissandi hljóð.

Áður en haft er samband við viðhaldsþjónustu:

Kveikið aftur á tækinu til að athuga hvort vandamálið sé horfið. Ef ekki skal slökkva á því aftur og endurtaka aðgerðina eftir eina klukkustund.
Ef tækið virkar ekki enn á réttan hátt eftir að framkvæmdar hafa verið þær athuganir sem upptaldar eru í leiðbeiningum um úrræðaleit og kveikt hefur verið aftur á tækinu, þá skal hafa samband við viðhaldsþjónustu og útskýra greinilega hvert vandamálið er og tilgreina:

- tegund bilunar;
- gerð tækis;
- tegund og raðnúmer tækisins (kemur fram á merkiplötunni);
- þjónustunúmer (númerið er á eftir orðinu SERVICE á merkiplötunni innan í tækinu).

SERVICE 0000 000 00000

Tæknilegar upplýsingar

Málstærðir	GENOMFRYSA
Hæð (lágm.-hám.)	819-899
Breidd	597
Dýpt	545
Nettó rúmmál (l)	
Ísskápur	–
Frystir	91
Afísingarbúnaður	
Ísskápur	–
Frystir	Handvirkt
Stjörnugjöf	4
Hækkunartími (h)	13
Frystigeta (kg/24 klst.)	10
Orkunotkun (kwh/Ár)	218
Hávaðastig (dba)	40
Orkuflokkur	F



Tækniupplýsingarnar eru til staðar á merkiplötunni á innri hlið tækisins og á orkumerkimiðanum
Hægt er að sækja gerðarupplýsingar með því að nota QR-kóðann sem kemur fram á orkumerkimiðanum. Merkimiðinn inniheldur einnig gerðarauðkenni sem er hægt að nota til að fletta upp í skrá vefgáttarinnar á https://eprel.ec.europa.eu

Umhverfisvandamál

⚠ **VIÐVÖRUN:** Gangið úr skugga um að slökkt sé á tækinu og það sé aftengt frá rafmagni áður viðhaldsaðgerðir eru framkvæmdar. Notið hlífðarhanska til að forðast meiðsli (hætta á skurðsárum) og öryggisskó (hætta á því að merjast); meðhöndlun skal framkvæmd af tveimur einstaklingum (minnkað álag); notið aldrei gufuhreinsibúnað (hætta á raflosti). Viðgerðir ófaglærðra aðila sem eru ekki viðurkenndir af framleiðandanum geta stefnt heilsu og öryggi í hættu, sem framleiðandinn er ekki ábyrgur fyrir. Allir gallar eða skemmdir af völdum viðgerða eða viðhalds ófaglærðra aðila falla ekki undir ábyrgð. Ábyrgðarskilmálarnir eru útlistaðir í skjalinu sem fylgir einingunni. gufuhreinsibúnað vegna hættu á raflosti.

1. Umbúðir ♲
Umbúðaefnið er 100% endurvinnanlegt og er merkt með endurvinnslutákninu. Farið eftir staðbundnum reglum um förgun. Hafið umbúðaefni (plastpoka, pólýstýren hluta o.s.frv.) þar sem börn ná ekki til, þar sem þeir geta hugsanlega skapað hættu.

2. Úrelding/förgun
Tækið er framleitt úr endurvinnanlegum efnum.
Þetta tæki er merkt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um úrgang raftækja og rafeindabúnaðar 2002/96/ESB, (WEEE). Með því að tryggja að tækinu sé fargað á réttan hátt getur þú aðstoðað við að koma í veg fyrir hugsanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfið og heilsu fólks.

Táknið ▬ á tækinu eða meðfylgjandi gögnum gefur til kynna að tækið skal ekki meðhöndla sem heimilisúrgang og að velja skuli viðeigandi sorpstöð fyrir endurvinnslu rafbúnaðar.
Þegar tækið er úreldað skal gera það ónothæft með því að skera rafmagnssnúruna af og fjarlægja hurðir og hillur svo börn geti ekki auðveldlega klifrað inn og fest sig.
Úreldið tækið í samræmi við staðbundnar reglur um förgun úrgangs og farið með það til sérstakrar söfnunarstöðvar; skiljið tækið ekki eftir án eftirlits jafnvel í nokkra daga þar sem það skapar hugsanlega hættu fyrir börn.
Nánari upplýsingar um meðferð, endurnýjun og endurvinnslu tækisins skal fá hjá staðbundnum lögbærum yfirvöldum, sorphirðustöðinni eða versluninni þar sem þú keyptir tækið.

Samræmisyfirlýsing
- Þetta tæki er hannað til að varðveita matvæli og er framleitt í samræmi við EB reglugerð 1935/2004.

Þetta tæki hefur verið hannað, framleitt og markaðssett í samræmi við:
- öryggismarkmið tilskipunar nr. 2014/35/ESB um lágspennu (sem kemur í stað tilskipunar nr. 2006/95/EB og síðari breytinga hennar);
- öryggiskröfur tilskipunar nr. 2014/30/ESB um rafsegulsamræmi.

CE

IKEA ÁBYRGÐ

Hve lengi gildir ábyrgð IKEA?
Þessi ábyrgð gildir í fimm ár frá upphaflegum kaupdegi tækisins í IKEA. Krafist er upphaflegu sölunótunnar sem sönnun fyrir kaupunum. Sé viðhald framkvæmt samkvæmt ábyrgðinni framlengir það ekki ábyrgðartímabil tækisins.

Hver framkvæmir viðhaldið?
Þjónustuaðili IKEA sér um viðhaldið í gegnum eigið þjónustufyrirtæki eða viðurkennt þjónustunet samstarfsaðila.

Hvað nær þessi ábyrgð yfir?
Þessi ábyrgð nær yfir bilanir á tækinu sem verða vegna framleiðslu- eða efnisgalla frá kaupdegi í IKEA. Þessi ábyrgð gildir aðeins um heimilisnotkun. Undantekningarnar eru tilgreindar undir fyrirsögninni „Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?“ Innan ábyrgðartímabilsins verður kostnaður vegna lagfæringar á biluninni bættur t.d. vegna viðgerða, varahluta, vinnu og ferða, svo framarlega sem tækið sé aðgengilegt til viðgerða án sérstakra útgjalda. Um þessi skilyrði gilda viðmiðunarreglur ESB (Nr. 99/44/EG) og viðkomandi staðbundnar reglur. Hlutir sem skipt er út verða eign IKEA.

Hvað mun IKEA gera til að laga vandamálið?
Þjónustuaðili sem tilgreindur er af IKEA mun skoða vöruna og ákveða, að eigin undirlagi, hvort hún falli undir þessa ábyrgð. Ef hún fellur undir ábyrgð þá mun þjónustuaðili IKEA eða viðurkenndur samstarfsaðili, í gegnum eigin þjónustustarfsemi, að eigin undirlagi, annað hvort gera við gallaða vöru eða skipta henni út með eins eða sambærilegri vöru.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?
- Eðlilegt slit.
- Skemmdir sem verða vegna ásetnings eða vanrækslu, skemmdir vegna þess að ekki var farið eftir notkunarleiðbeiningum, rangrar uppsetningar eða vegna þess að tengt var við ranga rafspennu, skemmdir vegna efna- eða rafefnahvarfa, ryðs, tæringar eða vatns þ.m.t. en ekki takmarkað við skemmdir vegna óhóflegs kalkmagns í vatnsinntaki, skemmdir vegna óeðlilegra umhverfisaðstæðna.
- Rekstrarvörur þ.m.t. rafhlöður og perur.
- Óvirkum og útlitslegum hlutum sem hafa ekki áhrif á venjulega notkun tækisins, þ.m.t. allar rispur og hugsanlegur litamunur.
- Slysaskemmdir af völdum utanaðkomandi hluta eða efna og hreinsunar eða losunar stíflu í síum, afrennslisbúnaði eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: Keramikgler, aukabúnaður, körfur fyrir leirtau og hnífapör, inntaks- og frárennslispípur, þéttingar, perur og peruhlífar, síur, hnappar, hylki og hlutar af hylkjum. Nema sannað hafi verið að slíkar skemmdir séu af völdum framleiðslugalla.
- Tilfelli þar sem enginn galli fannst við heimsókn tæknimanns.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af þeim þjónustuaðilum sem við tilgreinum og/eða viðurkenndum samstarfsaðilum með þjónustusamning eða þegar notaðir eru varahlutir sem eru ekki af upprunalegri gerð.
- Viðgerðir vegna uppsetningar sem er gölluð eða ekki samkvæmt lýsingu.
- Notkun tækisins í óheimilislegu umhverfi þ.e. notkun í atvinnuskyni.
- Skemmdir í flutningi. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða annars heimilisfangs þá er IKEA ekki ábyrgt fyrir neinum skemmdur sem gætu orðið við flutning. Hinsvegar ef IKEA afhendir vöruna til heimilisfangs viðskiptavinar fyrir afhendingu, þá eru skemmdir sem verða á vörunni við þessa afhendingu bættar af IKEA.
- Kostnaður við að framkvæma upphaflega uppsetningu IKEA tækisins.
- Hinsvegar ef þjónustuaðili tilgreindur af IKEA eða viðurkenndur samstarfsaðili gerir við eða skiptir út tæki samkvæmt þessari ábyrgð þá skal tilgreindur þjónustuaðili eða viðurkenndur samstarfsaðili enduruppsetja viðgert tæki eða setja upp annað í staðinn ef þarf.
- Þetta á ekki við á Írlandi þar sem viðskiptavinir ættu að hafa samband við viðhaldsþjónustu IKEA á staðnum eða tilgreindan þjónustuaðila fyrir frekari upplýsingar. **(aðeins fyrir Bretland)**

Þessar takmarkanir eiga ekki við gallalausa vinnu sem framkvæmd er af hæfum sérfræðingi með upprunalegum varahlutum til að aðlaga tækið að tæknilegri öryggislýsingu annars ESB lands.

Hvernig landslög gilda
Ábyrgð IKEA veitir þér ákveðin lagaleg réttindi sem ná yfir eða lengra en allar staðbundnar lagalegar kröfur. Þessi skilyrði takmarka hinsvegar ekki á neinn hátt réttindi neytandans samkvæmt staðbundinni löggjöf.

Gildissvæði
Fyrir tæki sem eru keypt í ESB landi og flutt til annars ESB lands verður þjónustan veitt innan ramma ábyrgðarskilyrða sem teljast venjuleg í hinu nýja landi.
Skylda til að framkvæma þjónustu innan ramma ábyrgðarinnar er aðeins til staðar ef tækið er í samræmi við og uppsett samkvæmt:
- tækniforskrift sem gildir í landinu þar sem ábyrgðarkrafan er gerð;
- samsetningarleiðbeiningum og öryggisupplýsingum notendahandbókar.

Sérstök VIÐHALDSÞJÓNUSTA fyrir IKEA tæki
Hikaðu ekki við að hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð tilgreinda af IKEA til að:
- gera þjónustubeiðni samkvæmt þessari ábyrgð;
- biðja um útskýringar vegna uppsetningar IKEA tækis í sérstakri IKEA eldhúsinnréttingu;
- biðja um skýringar á virkni IKEA tækja.

Lesið vandlega leiðbeiningarnar um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við okkur svo tryggt sé að við veitum sem besta þjónustu.

Hvernig ná skal í okkur þegar vantar þjónustu

Fulltækan lista yfir vottaðar þjónustumiðstöðvar IKEA má finna á síðustu síðu handbókarinnar ásamt viðeigandi símanúmerum.

Til að geta veitt þér hraðari þjónustu mælum við með að notað sé sérstakt símanúmer sem skráð er á þessa handbók. Notið alltaf númerin sem skráð eru í bækling viðkomandi tækis sem aðstoðar er þörf vegna. Vinsamlegast vísið alltaf til IKEA vörunúmersins (8 tölustafa kóði) og 12 tölustafa þjónustunúmers sem staðsett eru á merkiplötu tækisins.

GEYMDU ÞESSA SÖLUNÓTU!
Hún er sönnun þín fyrir kaupunum og er nauðsynleg til að hægt sé að nota ábyrgðina. Sölunótan tilgreinir einnig IKEA nafn og vörunúmer (8 tölustafa kóði) fyrir hvert tæki sem þú hefur keypt.

Þarftu aukalega hjálp?
Fyrir viðbótarspurningar sem tengjast ekki viðhaldsþjónustu fyrir tæki þitt skaltu hafa samband við þjónustuver næstu IKEA verslunar. Við ráðleggjum að þú lesir gögnin með tækinu vandlega áður en þú hefur samband við okkur.

BELGIË - BELGIQUE - BELGIEN

Telefoon/Numéro de téléphone/Telefon-Nummer: 026200311
Tarief/Tarif/Tarif: Lokaal tarief/Prix d'un appel local/Ortstarif

Openingstijd:	Maandag - Vrijdag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

БЪЛГАРИЯ

Телефонен номер:	0700 100 68	
Тарифа:	Локална тарифа	
Работно време:	понеделник - петък	8.00 - 20.00

ČESKÁ REPUBLIKA

Telefonní číslo:	225376400	
Sazba:	Míst ní sazba	
Pracovní doba:	Pondělí - Pátek	8.00 - 20.00

DANMARK

Telefonnummer:	70150909	
Takst:	Lokal takst	
Åbningstid:	Mandag - fredag	9.00 - 20.00
	Lørdag (Åbent udvalgte søndage, se IKEA.dk)	9.00 - 18.00

DEUTSCHLAND

Telefon-Nummer:	06929993602	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

ΕΛΛΑΔΑ

Τηλεφωνικός αριθμός:	2109696497	
Χρέωση:	Τοπική χρέωση	
Ώρες λειτουργίας:	Δευτέρα - Παρασκευή	8.00 - 20.00

ESPAÑA

Teléfono:	913754126 (España Continental)	
Tarifa:	Tarifa local	
Horario:	Lunes - Viernes	8.00 - 20.00

EESTI - LATVIJA - SLOVENIJA - CYPRUS

http://www.ikea.com

FRANCE

Numéro de téléphone:	0170480513	
Tarif:	Prix d'un appel local	
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	9.00 - 21.00

HRVATSKA

Broj telefona:	0800 3636	
Tarifa:	Lokalna tarifa	
Radno vrijeme:	Ponedjeljak - Petak	8.00 - 20.00

ÍSLAND

Símanúmer:	5852409	
Kostnaður við símtal:	Almennt mínútuverð	
Opnunartími:	Mánudaga - Föstudaga	9.00 - 17.00

ITALIA

Telefono:	0238591334	
Tariffa:	Tariffa locale	
Orari d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

LIETUVIŲ

Telefono numeris:	(0) 520 511 35	
Skambučio kaina:	Vietos mokestis	
Darbo laikas:	Nuo pirmadienio iki penktadienio	8.00 - 20.00

LUXEMBOURG

Numéro de téléphone:	035220882569	
Tarif:	Prix d'un appel local	
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 18.00

MAGYARORSZÁG

Telefon szám:	(06-1)-3285308	
Tarifa:	Helyi tarifa	
Nyitvatartási idő:	Hétfőtől Péntekig	8.00 - 20.00

NORGE

Telefon nummer:	23500112	
Takst:	Lokal takst	
Åpningstider:	Mandag - fredag	8.00 - 20.00

NEDERLAND

Telefoon:	0900-235 45 32 en/of 0900 BEL IKEA	
	0031-50 316 8772 international	
Tarief:	Geen extra kosten. Alleen lokaal tarief.	
Openingstijd:	Maandag t/m - Vrijdag	8.00 - 21.00
	Zaterdag	9.00 - 21.00
	Zondag / Feestdagen	10.00 - 18.00

ÖSTERREICH

Telefon-Nummer:	013602771461	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

POLSKA

Numer telefonu:	225844203	
Stawka:	Koszt połączenia według taryfy operatora	
Godziny otwarcia:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

PORTUGAL

Telefone:	213164011	
Tarifa:	Tarifa local	
Horário:	Segunda - Sexta	9.00 - 21.00

ROMÂNIA

Număr de telefon:	021 2044888	
Tarif:	Tarif local	
Orar:	Luni - Vineri	8.00 - 20.00

РОССИЯ

Телефонный номер:	84957059426	
Стоимость звонка:	Местная стоимость звонка	
Время работы:	Понедельник - Пятница (Московское время)	9.00 - 21.00

SCHWEIZ - SUISSE - SVIZZERA

Telefon-Nummer/Numéro de téléphone/Telefono: 0225675345
Tarif/Tarif/Tariffa: Ortstarif/Prix d'un appel local/Tariffa locale

Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Orario d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

SLOVENSKO

Telefónne číslo:	(02) 50102658	
Cena za hovor:	Cena za miestny hovor	
Pracovná doba:	Pondelok až piatok	8.00 - 20.00

SRBIJA

Број телефона:	011 7 555 444	
стопа:	lokalna курс	
Радно време:	Понедељак - субота	9.00 - 20.00
	недеља	9.00 - 18.00

SUOMI

Puhelinnumero:	0981710374	
Taxa:	Yksikköhinta	
Aukioloaika:	Maanantaista perjantaihin	8.00 - 20.00

SVERIGE

Telefon nummer:	0775-700 500	
Taxa:	Lokal samtal	
Öppet tider:	Måndag - Fredag	8.30 - 20.00
	Lördag - Söndag	9.30 - 18.00

UNITED KINGDOM - IRELAND

Phone number:	02076601517	
Rate:	Local rate	
Opening hours:	Monday - Friday	8.00am - 6.00pm
	Saturday	8.30am - 4.30pm
	Sunday	9.30am - 3.30pm

© Inter IKEA Systems B.V. 2021